

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 19. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – athafnasvæði.

Í tillögunni felst breyting á mörkum skipulagssvæðis Vatnsenda – athafnasvæðis til samræmis við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf. Mörk deiliskipulags Vatnsenda – athafnasvæðis færast upp að gönguleið meðfram Turnahvarfi og norðan við gönguleið við Kambaveg. Gatnamót Turnahvarfs og Kambavegar verða innan nýs deiliskipulagssvæðis í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð.

Hörðuvellir. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 19. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Hörðuvellir.

Í breytingunni felst breyting á mörkum skipulagssvæðis Hörðuvalla í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf. Mörk deiliskipulags Hörðuvalla breytist austan við Klappakór og Perlukór þar sem mörkin færast nær Andarhvarfi, og við gatnamót Kambavegs og Kleifakórs, en þau gatnamót verða innan nýs deiliskipulagssvæðis.

Vatnsendi – norðursvæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 19. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – norðursvæði.

Í breytingunni felst breyting á mörkum skipulagssvæðisins Vatnsenda – norðursvæðis í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf. Mörk deiliskipulagsins Vatnsendi – norðursvæði færast að gönguleiðinni sem aðskilur skipulagssvæðið við nýja deiliskipulagið á Vatnsendahæð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 12. febrúar 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2024